



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Alþingi
Erindi nr. P 136/627
komudagur 23.12.2008

Nefndasvið Alþingis
Heilbrigðisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 19. desember 2008

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um lífsýnasöfn

Læknafélag Íslands hefur fengið ofangreint frumvarp til umsagnar.

Félagið tilnefndi fulltrúa sinn, Magnús Karl Magnússon, í nefnd þá sem heilbrigðisráðherra skipaði til að semja frumvarp þetta. Jafnframt sendi félagið athugasemdir sínar til Heilbrigðisráðuneytisins þann 20. febrúar sl. þegar drög að frumvarpinu voru til umsagnar. Í þeirri umsögn var vísað til umsagnar Siðfræðiráðs félagsins og sendist sú umsögn með bréfi þessu.

Að öðru leyti hefur Læknafélagið ekki athugasemdir við frumvarp þetta.

Virðingarfyllt,
f.h. Læknafélags Íslands

Birna Jónsdóttir
formaður



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Afrit

Heilbrigðisráðuneytið
Vegmúla 3
150 Reykjavík

Kópavogi, 20. febrúar 2008

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 110/2000 um lífsýnasöfn.

Læknafélag Íslands hefur fengið ofangreind drög að frumvarpi til umsagnar. Félagið leitaði til Siðfræðiráðs félagsins og gerir umsögn þess að sinni.

Efnislega er Siðfræðiráð félagsins þeirrar skoðunar að verið sé að skýra ákvæði sem mörgum fannst óskýr og eru tillögurnar því almennt til bóta. Sérstaklega á þetta við um aðgreiningu þjónustusýna annars vegar og rannsóknarsýna hins vegar.

Siðfræðiráð félagsins telur þó rétt að koma eftirfarandi ábendingu á framfæri: „Í 7. grein núgildandi laga er ákvæði um úrsagnaskrá sem geymd er hjá Landlækni. Hún á að vera aðgengileg stjórnendum lífssýnasafna þegar fram hefur komið ósk um vísindarannsókn svo tryggt verði að sýni úr þeim sem eru á úrsagnaskrá verði ekki notuð í viðkomandi rannsókn. Í 3. grein frumvarpsins eru 6. og 7. málslíður 4. málsgreinar 7. greinar umorðaðar í þeim tilgangi að aðgreina þjónusturannsóknir og vísindarannsóknir og gerum við ekki athugasemd við það. Hins vegar felur þetta í sér að hafi einstaklingur farið fram á að vera á úrsagnaskrá (sem væntanlega er upptalning á kennitölum) á það við um öll lífssýni sem úr honum gætu verið í hvaða lífssýnasafni sem er og þá jafnframt um alla framtíð, eða þar til hann ákveður sjálfur að taka sig af skránni. Það eru hins vegar oftast tilteknar rannsóknir sem viðkomandi vill ekki taka þátt í með þessum hætti en hann gæti viljað láta lífssýni í aðra rannsókn. Erfitt getur verið að koma því við að leitað sé til hans í hvert skipti en hins vegar mætti koma inn ákvæði um að í úrsagnaskrá Landlæknis komi fram bann við notkun úr tilgreindu lífssýnasafni sem þá fæli í sér heimild til notkunar úr öðrum lífssýnabanka. Önnur útfærsla er að hvert lífssýnasafn fyrir sig hafi sína úrsagnaskrá.“

Virðingarfyllst,
f.h. Læknafélags Íslands

Birna Jónsdóttir
formaður